


Leikskólinn Örð

Ársskýrsla

2020-2021



Leikur einn
LEIKSKÓLINN ÖRÐ

September 2021

Sólbjört Sigríður Gestsdóttir og Valborg Jónsdóttir leikskólastjórar

Efnisyfirlit

Um leikskólann	3
Skipulag	3
Börn	4
Starfsmenn	4
Starfsdagar	6
Sérkennsla	7
Útskrift	7
Dagur leikskólans.....	7
Foreldrasamstarf.....	7
Bókasafn	8
Félags og skólajónusta	8
Mat á skólaári	9
Innra mat.....	9
Umbótaáætlun	10
Lokaorð	11
Fylgiskjöl	12

Um leikskólann

Rangárþing eystra á og rekur leikskólann Örk. Sveitarstjóri hefur yfirumsjón með rekstri hans fyrir hönd sveitarstjórnar og er hann næsti yfirmaður leikskólastjóra.

Leikskólinn Örk er fimm deilda leikskóli starfræktur á Hvolsvelli í þremur húsum með sameiginlegt útivistarrými. Það breyttist um áramót þegar ein deild færðist í Hvolinn og önnur deild í félagsmiðstöðina. Starfsmannaaðstaða var einnig færð í Hvolinn.

93 barn stundaði nám við leikskólann í vetur og var síðasta aðlögunin í byrjun maí.

Í starfi leikskólans leggjum við áherslu á frumkvæði einstaklingsins og leikgleði undir kjörorðinu „Leikur einn“.

Leikskólinn vinnur eftir Hugsmíðahyggju. Hugmyndafræðin felur í sér að skólastarf á ekki eingöngu að snúast um að mata barnið á upplýsingum og staðreyndum heldur að barnið tileinki sér þekkingu og skilning.

Í skólastarfinu er lögð áhersla á ígrundun, lausnaleit, rökhugsun, skilning og beitingu þess sem lært hefur verið. Með því verða börnin leitandi og gagnrýnin, kunna að leita lausna og taka ígrundaðar ákvarðanir sem byggðar eru á gildismati.

Þegar við skilgreinum hugtakið hugsmíðahyggja, gerum við það út frá því:

- að nám einkennist af virkni barnanna
- að börnin byggji upp þekkingu á þeim reynsluheimi sem þau lifa í
- að börnin vinni lausnamiðaða verkefnavinnum ymist ein eða í hópi
- að börnin noti gagnrýna hugsun í tengslum við upplýsingaleit, úrvinnslu og umbreytingu þeirra í nýja þekkingu.

Skipulag

Dagskipulag er mismunandi eftir deildum.

Grunnskipulag leikskólans er það sama: :

7:45 Leikskólinn opnar

8:15 Morgunmatur

10:00 Hópastarf

11:00 Yngri börnin borða hádegismat

11:30 Eldri börnin borða hádegismat

12:00 Allir í hvíld

13:00 Leikur

14:30 Síðdegishressing

16:15 Leikskólinn lokar

Börn

Í vetur voru 93 börn í vistun í leikskólanum. Það voru nokkrar breytingar á barnahópnum og nokkur hættu vegna flutninga til síns heimalands út af Covid. Foreldrar ákváðu einnig að vera lengur með börnin sín. Því var hægt að aðlaga öll þau börn sem náðu 12 mánaða aldri fram í maí.

Árgangaskipting :

2015	15
2016	16
2017	17
2018	21
2019	18
2020	6

- Aðalfundur foreldrafélags leikskólans var haldinn í fjarfundabúnaði. Ný stjórn tók við og þetta skólaárið voru Heiðbrá Ólafsdóttir, Sverrir Guðmundsson, Saga Sigurðardóttir, Nanna Fanney Björnsdóttir og Andrea Guðlaugsdóttir. Foreldrafélagið gaf Boobles á yngstu deildina. Þau keyptu jólagjafir handa börnunum. Keyptu ostakörfu fyrir starfsfólkið og héldu vorhátíð.
- Foreldraráð var með óbreyttri skipan en foreldraráðið skipta Árný Lára Karvelsdóttir, Björk Guðnadóttir og Bjarki Oddsson.

Starfsmenn

Vel gekk að manna leikskólann haustið 2020. Leikskólinn var fullmannaður og gat því vel tekið við þeim fjölda barna sem áætlað var að yrði í leikskólanum þetta skólaárið.

Það var töluvert um mannbreytingar í leikskólanum þetta skólaárið. Valborg Jónsdóttir sinnti stöðu leikskólastjóra til 1. febrúar þar til Sólbjört Sigríður Gestsdóttir kom til baka úr fæðingarorlofi. Gyða Björgvinsdóttir sinnti stöðu aðstoðarleikskólastjóra í Valborgar stað.

Einnig hættu fimm starfsmenn og þrír nýjir starfsmenn byrjuðu hjá okkur. Fjórir starfsmenn voru í fæðingarorlofi og komu inn þegar þeir kláruðu sitt fæðingarorlof. Fimm starfsmenn voru í leikskólakennaranámi þennan veturinn, misjafnlega langt komnir í náminu.

Stytting vinnuvikunnar hefur verið innleidd hér og voru þrír starfsmenn í vinnustyttinganefnd og var þeim falið að koma með hugmyndir sem hentuðu starfi leikskólans sem svo var kosið um.

Samþykkt var að stytta vinnuviku um 2 klst og svo 1 klst í viðbótarstyttingu sem hægt væri að taka út í frídögum þegar starfsmaður væri búinn að safna þeim (sjá nánar fylgiskjal 1)

STÖÐUGILDI STARFSFÓLK SEPTEMBER 2020

Skóli	Fjöldi starfsmanna	Lágmarks stöðugildi án afleysinga	Afleysingar	Ráðnir í stöðugildi fyrir utan ræstingar	Ráðningar hlutfall	Greidd stöðugildi yfirvinnu	Ráðningarhlutfall með yfirvinnu
Örk	32	16,99	0,99	28,58	158,85%	0,00%	158,85%
Samtals	32	16,99	0,99	28,58	158,85%	0,00%	158,85%

STÖÐUGILDI STARFSFÓLK APRÍL 2021

Skóli	Fjöldi starfsmanna	Lágmarks stöðugildi án afleysinga	Afleysingar	Ráðnir í stöðugildi fyrir utan ræstingar	Ráðningar hlutfall	Greidd stöðugildi yfirvinnu	Ráðningarhlutfall með yfirvinnu
Örk	32	13,85	0,78	28,58	195,37%	0,00%	195,37%
Samtals	32	13,85	0,78	28,58	195,37%	0,00%	195,37%

Stöðugildin eiga við starfsfólk á deildum en stjórnendur, ræsting, sérkennsla og eldhús er ekki inn í þessari tölu.

Starfsfólk apríl 2021

Staða	Fjöldi
Kennarar	11
Kennaranemar	4
Iðjuþjálfari	2
Önnur háskólamenntun	1
Leikskólaliði	1
Leiðbeinendur	13

Símenntunaráætlun /starfsþróun

Starfsfólk tekur þátt í námskeiðum á starfsdögum auk þess sem allir starfsmenn fara á Haustþing starfsmanna leikskóla á hverju hausti. Skólaþjónusta Rangárvalla- og vestur Skaftafellssýslu stendur fyrir námskeiðum á hverri önn. Einhverjir starfsmenn hafa einnig sótt sér námskeið á eigin vegum t.d. hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

Í ljósi samkomutakmarkana í samfélaginu og fjöldatakmarkana þá var minna um námskeið framan af vetri en það breyttist til batnaðar þegar leið á veturinn.

Töluvert var um að boðið væri uppá fyrirlestra og námskeið í fjarfundabúnaði og nýttu sér það nokkrir starfsmenn leikskólans.

Allir fundir stjórnenda og starfsfólks sem haldnir voru á vegum skólalþjónustu voru á Teams.

Starfsdagar

Eins og fram kemur í verklagsreglum leikskólans er leikskólinn lokaður fjóra daga á ári vegna skipulagsdaga, fjóra daga eftir hádegi vegna starfsmanna- og samráðsfunda og einn námskeiðsdag á hverju skólaári. Þeir eru ákveðnir að hausti og skráðir á skólalagatal leikskólans.

Dagsetning	Lengd dags	Hvað var gert	Athugasemdir
12. ágúst 2020	Heill dagur	Menntadagur leik og grunnskóla	Ekki haldinn vegna Covid. Starfsdagurinn nýttur til skipulags fyrir skólastarfið.
4. september 2020	Heill dagur	Starfvetrar skipulagt. Starfsmannafundur og deildarfundir	Hópnum skipt í tvennt vegna samkomutakmarkana
9. október 2020	Heill dagur	Haustþing, námskeiðsdagur	Ekki haldið vegna Covid. Leikskólinn var opinn þennan dag.
11. nóvember 2020	½ dagur	Starfsdagur	Skyndihjálparnámskeið.
18. janúar 2021	½ dagur	Starfsdagur	Starfsmannafundur og deildarfundir.
26. mars 2021	½ dagur	Starfsdagur	Starfsmannafundur, deildarfundir og deildarvinna.
20. apríl 2021	Heill dagur	Námsferð	Ekki farið í námsferð en allir starfsmenn sátu námskeið, deildarfundir og tiltekt. Hópnum skipt í tvennt.
21. apríl 2021	Heill dagur	Námsferð	Ekki farið í námsferð en dagurinn nýttur í starfsmannafund og deildarvinnu ýmiskonar.
23. apríl 2021	Heill dagur	Námsferð	Námsferð ekki farinn og fengum að færa og skipta starfsdegi í tvo hluta. Loka klukkan 12 þ. 25. júní og opna klukkan 12 þ. 3. ágúst.
4 júní 2021	½ dagur	Starfsdagur	Starfsmannafundur og útgáfu handbókar um snemmtæka íhlutun fagnað.

Sérkennsla

Í sérkennsluteymi leikskólans þetta skólaárið voru þrír starfsmenn 1,8 stöðugildi.

Börn hafa annaðhvort fengið íhlutun í formi einstaklingsvinnu eða í hópavinnu á deild. Hóþbjálfun á deildum felur í sér að sérkennarar eru hluti af deildinni og taka nokkra einstaklinga saman í t.d fínhyrfivinnu, spilastund, lestrarstund, félagsfærniæfingar og þess háttar, allt eftir þörfum einstaklinga í hvert sinn. Lögð er áhersla á að börnin eru ekki tekin út af deild nema að brýn nauðsyn væri til og helst unnið með börnin í gegnum leik inná deildum eða á sameiginlegu svæðunum.

Þrír stuðningsfulltrúar með 1,6 stöðugildi vegna einstaklingsstuðnings tveggja barna í vetur.

Útskrift

Í ár útskrifuðum við 15 börn fædd árið 2015 og fór athöfnin fram í matsal Hvolsskóla. Leikskólastjóri byrjaði athöfnina á stuttri ræðu, börnin sungu og síðan hélt deildarstjóri ræðu. Börnin fengu afhenta ferilmöppu, viðurkenningaskjal og plöntu. Eftir útskrift var boðið upp á veitingar.

Dagur leikskólans

Dagur leikskólans var 6. febrúar og haldið var uppá daginn með því að fara í skrúðgöngu að Kirkjuhvoli og þar var sungið fyrir heimilisfólk og starfsmenn Kirkjuhvals. Einnig fengu börn og starfsfólk köku í tilefni dagsins. Leikskólinn fékk ásamt öðrum leikskólum landsins Orðsporið 2021 sem er viðurkenning fyrir framúrskarandi leikskólastarf á Covid tímum.

Foreldrasamstarf

Deildarstjórar senda reglulega frá sér fréttabéf til foreldra í tölvupósti og eins eru fréttir og tilkynnar settar á heimasíðu leikskólans. Facebook síða leikskólans hefur þó tekið yfir að miklu leyti. Hver deild er með sína eigin Facebook síðu auk þess sem ein síðan er aðalsíða fyrir leikskólann í heild. Þessar síður hafa gefist vel og auka á samskipti foreldra og kennara. Tekinn var sú ákvörðun að hætta alfarið með facebook síður á næsta skólaári og flytja allt á Karellen appið, heimasíðu og tölvupóstsamskipti.

Bókasafn

Í upphafi haustannar fengum við bókakassa í öll húsin. Þar geta börn og foreldrar tekið bók, lesið hana og skilað henni aftur í kassann.

Félags og skólaþjónusta

Við Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu starfa Þórunn Jóna Hauksdóttir stjórnandi og kennsluráðgjafi grunnskóla og Halldóra Guðlaug Helgadóttir leikskólaráðgjafi

Sérfræðingar skólaþjónustunnar sinna greiningum á börnum í leik- og grunnskóla, m.a. almennu þroskamati, mati á hegðun og líðan, málþroskamati og námslegum greiningum. Þeir veita ráðgjöf til foreldra, kennara og annars starfsfólks skóla, m.a. almenna uppeldisráðgjöf, ráðgjöf vegna skipulags náms og kennslu einstakra nemenda. Þeir sinna auk þess eftirfylgd með nemendum í kjölfar greininga og sitja í teymlum.

Halldóra Guðlaug leikskólaráðgjafi kemur í leikskólann einu sinni í viku og sinnir þar ráðgjöf og teymisvinnu.

Boðið var upp á ráðgjafadag hjá sálfræðingi Sálstofunnar fyrir foreldra og starfsmenn vegna deildarinnu. Einn dagur frá klukkan 9:00 – 11:00 var hægt að úthluta til þeirra er óskuðu eftir því að fá ráðgjöf sálfræðings. Þessir tímar voru vel nýttir og almenn ánægja með þessa nýbreytni.

Allir fundir á vegum skólaþjónustu færðust á Teams vegna samkomutakmarkana í vetur.



Mat á skólaári

Skólaárið hóft í ágúst með aðlögunum á nýjum nemendum og færslum nemenda milli deilda. Fljótlega varð ljóst að Covid myndi lita skólastarf þetta skólaárið þar sem námskeiðum, heimsóknnum milli skóla og tónlistaskóla var frestað eða sett í bið. Haustþing og Menntadagur sem áttu að fara fram var aflýst og við því var brugðist með því að vera með leikskólann opinn daginn sem Haustþingið átti að fara fram en starfsdagur þegar Menntadagurinn átti að vera. Einnig hættu starfsmenn við að fara í náms og kynnisferð um óákveðinn tíma og því var einn starfsdagur tekinn í tvennt og færður á lokunardag fyrir sumarfrí og opnunardag eftir sumarfrí þar sem bregðast þurfti við flutningum um áramót.

Á áramótum varð tjón í einu af húsnæðum leikskólans þ.e. Stóra Dímon og kallaði það á skjót viðbrögð allra sem að leikskólamállum koma. Flytja þurfti börn og starfsfólk af tveimur deildum í önnur húsnæði á meðan verið var að meta loftgæði og kostnað við lagfæringar á Stóra Dímon. Börnin í Stóra Dímon gátu ekki mætt fyrsta virka dag eftir áramót þar sem unnið var hörðum höndum við að finna skammtíma lausn og flytja nauðsynleg tól og tæki á milli húsa.

Í febrúar var ljóst að ekki var forsvaranlegt að lagfæra það húsnæði og hafinn vinna við að finna deildunum, starfsmannaaðstöðu, sérkennsluaðstöðu og eldhúsi annan stað þar til ný leikskólabygging yrði tekinn í notkun. Ævintýraland færðist yfir í Hvolinn og starfsmannaaðstaða á kaffisenu. Tónaland færðist í félagsmiðstöðina og nýtir starfsmannaaðstöðu í Hvolnum. Þetta var gert og hugsað fram að sumarfríi meðan leitað var leiða til að finna varanlegan stað á meðan beðið væri eftir nýjum leikskóla.

Þróunarverkefnið var að mestu á áætlun og kláraðist vinna við handbókina og hún gefinn út 4. júní 2021. Þá er eftir innleiðing á handbók og hvernig við ætlum að vinna með málörvun í ræðu og riti og er það verkefni næsta skólaárs að hefja vinnu við það. Við erum mjög stolt af þessari vinnu og þessi handbók mun klárlega aðstoða okkur enn frekar í faglegu starfi leikskólans.

Innra mat

Þetta skólaár tók á og innra mat var ekki eins markvisst og við hefðum viljað. Tengslahringur var lagður fyrir starfsfólk að hausti en ekki að vori eins og venja er. Foreldraviðtöl fóru fram að hausti og vori en fóru fram á Teams. Ekki var gerð foreldrakönnun í vor eins og til stóð vegna ýmissa utanaðkomandi þátta.

Tekin voru starfsmannasamtöl við alla starfsmenn. Almenn ánægja virtist vera meðal starfsmanna og er starfsandinn nokkuð góður. Það var þó þreyta í mannskapnum vegna

faraldurs Covid og einnig flutninga milli húsnæða. Nokkrir starfsmenn nefndu þó að þeir vildu breyta til, ýmist fara á eldri eða yngri deild. Reynt var að taka tillit til þessa eins og hægt var við uppröðun á deildir fyrir næsta vetur. Almenn ánægja var heilt yfir hjá starfsmannahópnum þrátt fyrir aðstæður í þjóðfélaginu þetta skólaárið.

Umbótaáætlun

Nýta þetta skólaár til að fara í grunnstoðir þeirra stefnu sem við gefum út að við vinnum eftir. Farið verður í innleiðingu á Handbók um snemmtæka íhlutun og vinnur þróunarverkefnishópurinn áfram að innleiðingu.

Það þarf að fara í að lagfæra og uppfæra eftirfarandi stefnur og áætlanir:

- Skólanámskrá leikskólans, búið er að skipa í verkefnahóp. Stefnt er á að klára í apríl / maí 2022.
- Jafnréttisáætlun, búið er að skipa í verkefnahóp og verður unnið samhliða skólanámskrá og stefnt á að klára í apríl / maí 2022.
- Öryggisáætlun, öryggisnefnd leikskólans gerir áhættumat miðað við breyttan húsakost og gerir áætlun fyrir lok nóvember 2021.
- Áfram verður haldið með að efla starfsfólk til að sækja sér námskeið.
- Haldið áfram að laga vinnuaðstæður starfsfólks eins og hægt er.
- Það þarf að halda áfram að yfirfara eyðublöð sem notuð eru í leikskólanum og fara yfir aðrar stefnur sem unnið er eftir og uppfæra það sem þarf.
- Áfram þarf að huga að starfsánægju starfsmanna og verið er að vinna að starfsmannahandbók, en til þess að hægt sé að klára hana er beðið eftir starfsmannastefnu sveitafélagsins svo hægt verði að laga sig að henni.
- Stefnt er á halda áfram vinnu með heilsueflandi leikskóla og í vetur er lögð áhersla á geðrækt. Verið er að yfirfara gátlistana og er verkefnið í stöðugri þróun.

Við gerum okkur grein fyrir að allt getur breyst vegna aðstæðna í þjóðfélaginu en munum leggja höfuðáherslu á að starfsfólki og börnum líði sem best í daglegu lífi leikskólans.

Lokaorð

Þetta var krefjandi skólaár á margan hátt en það er aðdáunarvert hversu faglegt og jákvætt starfsfólk hefur verið þrátt fyrir þreytu og stundum óvissu. Það var líka viss áskorun að nokkrir starfsmenn hættu vegna ýmiskona aðstæðna og svo voru nokkrir starfsmenn í fæðingarorlofi og komu til baka á mismunandi tímum skólaársins. Með jákvæðni og þrautseigju tókst þetta.

Það var erfitt að fylgjast með öllum takmörkunum sem okkur bar að sinna og kynna fyrir foreldrum. Stundum höfðum við ekki mikinn tíma til að bregðast við. Foreldrar voru mjög samvinnufúsir og skilningsríkir og fylgdu settum reglum / takmörkunum í hvívetna. Foreldrar eiga hrós skilið fyrir góða samvinnu með okkur þennan veturinn.

Foreldrasamtöl, deildarfundir, morgunfundir og aðrir fundir fóru yfir á Teams þar sem ekki mátti vera mikill samgangur milli deilda og foreldrar máttu á tímabili ekki koma inn í hús.

Allt samstarf milli skólastiga datt niður og allir uppbrotsdagar þar sem við hefðu viljað bjóða foreldrum á féllu niður. Það var því ekki mikið um samskipti við nærumhverfi okkar. Við fórum ekki með elstu börnin í Hvolsskóla í ágúst þar sem lítil eftirspurn var eftir vistun eftir sumarfrí fyrir elsta hópinn.

Vorhátíð féll niður í apríl var svo haldin hátíðleg í júní þegar við loksins gátum boðið foreldrum að gleðjast með okkur.

Um áramótin reyndi vel á allt samfélag leikskólans og það þurfti að vinna hratt og vel að lausnum og búum við svo vel að eiga lausnamiðaðan starfsmannahóp sem tæklaði þetta allt saman á jákvæðni og fagmennsku og eigum við þeim miklar þakkir fyrir. Það þurftu margir að koma að þessu og þökkum við þeim fyrir aðstoðina.

Það þarf heilt þorp til að ala upp barn og það átti svo sannarlega vel við á þessum fordæmalausu tímum.

Sólbjört Sigríður Gestsdóttir og Valborg Jónsdóttir

Stytting vinnuviku

Endurskoðað 6. maí 2021

Fylgiskjal til útskýringa á fyrirkomulagi styttingar

Verður næst endurskoðað í lok september 2021.

Hafa í huga:

- Starfsmaður ber ábyrgð á að samræma fjarveru frá vinnu vegna styttingar til að lágmarka fjarveru frá störfum.
- Ef starfsmaður vill safna upp styttingu þarf hann að tala við deildarstjóra fyrir 25 hvers mánaðar og það gildir mánuðinn.
- Starfsmaður þarf að tilkynna leikskólastjóra og deildarstjóra ef hann hyggst skreppa frá þá dregst það frá styttingu. Einnig er mikilvægt að stimpla sig **út úr MTP þegar maður fer og svo stimpla sig inn um leið og maður kemur til baka.**
- Deildarstjóri heldur utan um styttingu og skrepp starfsmanna á sinni deild og lætur aðstoðarleikskólastjóra hafa það í vikulok.
- Ef þú ert veikur/ með veikt barn / í fríi /frídagur/ veðurtepptur á styttingadegi þá fellur styttingin niður þá vikuna (þetta er samkvæmt kjarsamning, ekki hægt að skulda eða eiga inni)

Ekki til styttingar	Til styttingar
Heilsugæsla - lækni	Sjúkraþjálfun
Heilsugæsla - blóðprufa	Kírópraktor
Sérfræðilæknar	Sálfræðingur
Tannlækni - tannréttingar	Foreldravíðtöl - Teymisfundir
Sofa yfir sig – launalaust	Tímar vegna náms og prófa
Geðlækni	Bankaferðir
Jarðafarir	Dýralæknar
Námskeið sem leikskólastjóri sendir þig á.	Námskeið sem þú kúst að fara á.
	Aðlögun barns í leikskóla
Ofi	Ofi

- þetta á einnig við um tíma fyrir börn starfsmanna.

- Veikindadagar starfsfólks er talið í dögum.
 - Veikindadagar barna er talið í klst.
-
- Undirbúningur styttist / fellur niður á styttingadegi starfsmannsins ef undirbúningur er á sama tíma og stytting er. Einnig á þetta við ef farið er til læknis á styttingar tíma þá áttu ekki styttinguna inni.
 - Neysluhlé = Deildarstjóri hefur forræði yfir þeim. Það þýðir þó ekki að hlé á neysluhléi breytist að jafnaði en ekki er leyfilegt að fara út úr húsi í neysluhléum. Ef aðstæður eru þannig að ekki er hægt að komast frá þá má deildarstjóri stytta neysluhlé. Deildarstjóri hefur yfirumsjón á neysluhléum.
 - Kí fólk má safna allri sinni styttingu í heila daga samkvæmt þeirra kjarasamningi.
 - Foss fólk má einnig safna upp styttingu sinni (en er ekki í kjarasamning). Það þýðir ef það hentar ekki starfi skólans getur leikskólastjóri neitað starfsmanni um það.
 - Þessi eina klst safnast saman yfir 11 mánuði (safnar ekki styttingu í sumarfríinu) á ári og eru því 5 og 1/2 dagar. Sem er hægt að ráðstafa af vild (ef aðstæður í leikskólanum leyfa). Þú verður að eiga inneign fyrir þeim dögum sem þú ætlar að taka á þeim tíma.
 - Starfsdagar eru 6 á ári . Á starfsdögum er ekki stytting starfsmanna.
 - Starfsmaður safnar ekki styttingu í launalausum leyfi og ef starfsmaður t.d. tekur hálfan mánuð í launalausum leyfi missir hann 1,25 sumarfrisdag. Öll kjarasamningsbundin réttindi skerðast.
 - Starfsmaður í 100% starfi safnar 24 mínútum í styttingu á dag + 12 mínútum í söfnunina.

Ef eitthvað er óskýrt hafið samband við vinnustyttinganefnd til að fá útskýringu
 Í nefndinni eru : Árný Jóna, Valborg og Andrea Hrund.